

38. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 2. maí 2013 á skrifstofu sambandsins og hófst kl. 20.00

Mætt: Sigurjón, Aron, Kári og Gry. Guðjón, Óskar Ingi og Auðunn boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Breyting á stjórn.
Birgir Viðarsson hefur óskað eftir að hætta stjórnar- og nefndasetu af persónulegum ástæðum. Honum var þakkað fyrir mikla vinnu í þágu íþróttarinnar um árabíl.
Aron Teitsson, varamaður, tekur sæti í aðalstjórn.
3. Gengið frá nefndaskipan:
Landsliðsnefnd: Kari Rafn Karlsson, formaður. Helgi Hauksson og Borghildur Erlingsdóttir.
Mótanefnd: María Guðsteinsdóttir, formaður. Júlían J.K.Jóhannsson og Rósa Birgisdóttir.
Aganefnd: Anna Sigríður Arnardóttir, formaður. Grétar Dór Sigurðsson og Sturla Ólafsson. Til vara: Alexander Ingi Olsen.
Útbreiðslunefnd: Sigurjón Pétursson, formaður. Guðjón Hafliðason.
Fræðslunefnd: Gry Ek, formaður. Aron Teitsson og Alexander Ingi Olsen.
Dómaranefnd: Helgi Hauksson, formaður. Hörður Magnússon og Guðjón Hafliðason.
Heiðursmerkjanefnd: Sigurjón Pétursson, formaður. Auðunn Jónsson og Guðjón Hafliðason.
Fjölmiðlanefnd: Hafdís Huld, formaður. Sigurjón Pétursson. Fjáröflunnarnefnd er enn óskipuð en Magnús Örn formaður Zetoranna er með málið í vinnslu.
Aðgerð: Sigurjón fylgir málinu eftir.
4. Formannafundur 10.maí nk.
Dagskrá fundarins: Afreksstefna – mótareglur – mótaskrá næstu ára.
Aðgerð: Gry ítrekar fundarboð og tryggir aðstöðu. Gry undirbýr málefnið.
5. Samstarf við Íþróttasamband fatlaðra.
KRAFT aðstoðaði við framkvæmd Íslandsmeistaramóts fatlaðra í kraftlyftingum nýverið. Í framhaldinu sendi stjórn KRAFT Íþróttasambandi Fatlaðra bréf og óskaði eftir viðræður við ÍF og aðildarfélög þess um samstarf.
6. Norðurlandamót 23.-24. ágúst 2014.
Stjórnin ákvað að NM 2014 verður haldið á höfuðborgarsvæðinu.
Aðgerð: Sigurjón athugar með aðstöðu í Valsheimilinu og afþakkar tilboð Víkings um að halda mótið.
7. Kaup á Eleiko keppnissettum.
Fimm félag hafa lýst áhuga á að nýta sér tilboð KRAFT um milligöngu v. kaupa á græjum og þurfa nú að ganga frá greiðslu.
Aðgerð: Sigurjón fylgir málinu eftir.
8. Landsmót UMFÍ.
Auglýst hefur verið kraftlyftingakeppni á landsmót UMFÍ.
Aðgerð: Gry kannar hvernig staðið verði að framkvæmd og hver aðkoma KRAFT yrði að þessari keppni.
9. Upplýst var að KRAFT hafi fengið 200.000 króna styrk frá ÍTR vegna Norðurlandmóts unglinga í febrúar.

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl. 21.45

Fundarritari: Gry Ek